

Júlí 2019



# Ársskýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2018

Stjórnarráð Íslands

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp ráðherra</b> .....	3
<b>Samantekt um starfsemi ráðuneytis</b> .....	4
<b>Málefnasvið</b> .....	7
<b>Málaflokkar</b> .....	10
Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna .....	10
Nýsköpun, samkeppni og þekkingagreinar .....	11
Landbúnaður .....	12
Sjávarútvegur og fiskeldi .....	16
<b>Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða</b> .....	20
<b>Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila</b> .....	21

# Ávarp ráðherra

Sóknarfæri Íslands á sviði matvælaframleiðslu eru að mínu mati óþrjótandi. Ísland getur og á að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum matvælum hvort sem er á sviði landbúnaðar eða sjávarútvegs. Við eigum að leggja áherslu á nýsköpun við matvælaframleiðslu, þar eru tækifærin svo sannarlega til staðar.

En stjórnvöld verða einnig að tryggja að leikreglurnar séu skýrar. Að þær séu ekki um of íþyngjandi heldur einfaldar og gagnsæjar. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að áttak verði gert í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að stjórnsýsla sé skilvirk og réttlát. Með þetta að leiðarljósi skilaði vinnuhópur um einföldun regluverks í sjávarútvegi fyrstu tillögum að sameiningu og einföldun reglugerða á sviði sjávarútvegs. Þá var einnig unnið að undirbúningi enn fleiri verkefna er lúta að einföldun regluverks.

Endurskoðun búvörusamninga hófst á árinu þar sem samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar var flýtt til að bregðast við erfiðleikum sauðfjárræktar. Var þetta gert í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar en þar segir meðal annars „Eitt af fyrstu verkefnum ríkisstjórnarinnar verður að bregðast við vanda sauðfjárnænda til skemmri og lengri tíma.“

Unnið var að ýmsum verkefnum tengdum fyrirhuguðum breytingum á löggjöf vegna niðurstöðu EFTA-dómstólsins varðandi frjáls viðskipti með búfjárafurðir innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ný lög um veiðigjöld voru samþykkt en með þeim verður álagning gjaldsins færð nær í tíma þannig að gjaldtakan sé meira í takt við afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. Jafnframt er stjórnsýsla með álagningu veiðigjalds gerð einfaldari, skilvirkari og áreiðanlegri.

Árið 2018 var að vanda viðburðaríkt í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Fjölbreytt verkefni voru unnin á sviðum bæði sjávarútvegs og landbúnaðar auk þeirra sem ég nefndi hér að ofan. Á komandi misserum munum við halda áfram að vinna í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og leggja áfram áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda, aukið virði afurða og bættan rétt neytenda. Þannig verður Ísland áfram leiðandi í framleiðslu á heilnæmum matvælum.



Kristján Þór Júlíusson  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



# Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tók formlega til starfa 4. september 2012 við sameiningu þriggja ráðuneyta; efnahags- og viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Tveir ráðherrar fara með málaflökka ráðuneytisins, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Skrifstofur ráðuneytisins eru sex, fjórar fagskrifstofur, skrifstofa ráðuneytisstjóra og stoðskrifstofa sem starfar þvert á ráðuneytið.

Fagskrifstofur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eru tvær; skrifstofa matvæla og landbúnaðar og skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis. Hlutverk fagskrifstofanna er að sjá til þess að ávallt sé faglega unnið að undirbúningi mála og að þekking starfsmanna sé nýtt og henni viðhaldið. Fagskrifstofurnar bera ábyrgð á lagamma og regluverki þeirra málaflökka sem eru á þeirra forræði, í samráði við stofnanir ráðuneytisins. Stofnanir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eru sex talsins.

Tvö málefnasvið eru á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en það eru málefnasvið 12 Landbúnaður og málefnasvið 13 Sjávarútvegur og fiskeldi. Einnig fer sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með hluta málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, málefnasviðs 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar og málefnasviðs 21 Háskólastig.

Fjölbreytt verkefni voru unnin á málefnasviðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á árinu 2018 er miðuðu að því að styðja við þau markmið sem skilgreind voru fyrir árið 2018.

Meðal helstu verkefna eru eftirfarandi:

- Hafin var endurskoðun búvörusamninga sem tóku gildi 1. janúar 2017. Skipað var í samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga og var áhersla lögð á að tryggð yrði aðkoma atvinnulífs, bænda, launþega, neytenda og afurðastöðva að endurskoðuninni. Endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar var flýtt til að bregðast við erfiðleikum sauðfjárræktar.
- Unnið var að ýmsum verkefnum tengdum fyrirhuguðum breytingum á löggjöf vegna niðurstöðu EFTA-dómstólsins varðandi frjáls viðskipti með búfjár-afurðir innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) ásamt mótun og innleiðingu mótvægisáðgerða hér á landi. Þar á meðal var sótt um sérstakar viðbótartryggingar vegna salmonellu í kjúklingakjöti, hænueggjum og í kalkúnakjöti sem að veittar eru ríkjum á EES með lága tíðni salmonellu í framleiðslukeðjunni. Eftirlitsstofnun ESA samþykkti umsóknina í janúar 2019.


- Tollasamningur Íslands og ESB tók gildi árið 2018 en hann felur í sér aukinn markaðsaðgang milli samningsaðila. Þá skilaði starfshópur um endurskoðun regluverks um tollkvóta tillögum um breytingar.
- Skipað var í starfshóp um endurskoðun á regluverki um úthlutun tollkvóta. Starfshópnum var falið að endurskoða núverandi fyrirkomulag við úthlutun tollkvóta og finna leiðir til þess að koma ávinningi sem skapast með úthlutun þeirra í meira mæli til neytenda í formi lægra vöruverðs.
- Sett var á fót verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að móta matvælastefnu fyrir Ísland. Þessi vinna verður grunnur sóknar í íslenskri matvælaframleiðslu enda mikil tækifæri til frekari verðmætasköpunar.
- Gerðar voru breytingar á lögum um Fiskræktarsjóð þar sem álagning árgjalds á veiðifélög var felld niður og stjórnarmönnum sjóðsins fækkað úr 4 í 5.
- Gerðar voru breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, sem fela í sér að ráðherra er nú heimilt að setja reglugerð um stjórn álaveiða.
- Unnið var að og lagt fram frumvarp um ný lög um veiðigjöld og tóku þau gildi síðustu áramót. Með nýjum lögum um veiðigjald verður álagning gjaldsins færð nær í tíma þannig að gjaldtakan sé meira í takt við afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. Jafnframt er stjórnsýsla með álagningu veiðigjalds gerð einfaldari, skilvirkari og áreiðanlegri.
- Umfangsmikil vinna fór í frumvarp til laga um breytingu á lögum um fiskeldi, auk gjaldtöku í fiskeldi og fiskeldissjóð. Frumvarpsvinnan var að mestu unnin á grundvelli samráðs stjórnvalda og haghafa um stefnumótun í fiskeldi. Frumvarp um heimild ráðherra til að gefa út rekstrarleyfi í fiskeldi til bráða-birgða var samþykkt á Alþingi í október. Með frumvarpinu var verið að lagfæra með almennum hætti annmarka á lögum um fiskeldi til framtíðar. Sá annmarki birtist í því að samkvæmt þágildandi lögum var eina úrræði Matvælastofnunar, í þeim tilvikum sem rekstrarleyfi fiskeldisstöðvar var felld úr gildi, að stöðva starfsemi hennar. Þannig höfðu stjórnvöld engin úrræði til að koma í veg fyrir mögulega óafturkræfa og óþarfa sóun verðmæta né heldur gæta meðalhófs.
- Vinnuhópur um einföldun regluverks í sjávarútvegi skilaði fyrstu tillögum að sameiningu og einföldun reglugerða á sviði sjávarútvegs. Tillögur hópsins miða einnig að því að fækka reglugerðum umtalsvert og gera regluverk í sjávarútvegi gagnsærra og aðgengilegra fyrir þá aðila sem starfa við sjávarútveg.
- Auk reglubundinna tvíhliða og svæðisbundinna samninga um fiskveiðar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, var á alþjóðavettvangi hafin fyrsta samningalota um alþjóðlegan samning um vernd líffræðilegs fjölbreytileika í hafinu utan lögsögu (e. BBNJ) en áætlað er að vinnan taki nokkur ár. Fulltrúar sjávarútvegs- og fiskeldisskrifstofu tóku einnig þátt í viðræðum vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu (BREXIT) enda Bretland einn stærsti einstaki markaður fyrir sjávarafurðir frá Íslandi.

## Rekstur og fjárfestingar

Verkefni á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilheyra fimm málefnasviðum. Ráðherra fer, sem fyrr segir, einn með forræði tveggja málefnasviða, þ.e. 12 Landbúnaður og 13 Sjávarútvegur og fiskeldi, en að hluta til með forræði málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, málefnasviðs 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar og málefnasviðs 21 Háskólastig.

Raunútgjöld verkefna á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra námu 22.063 m.kr. árið 2018 en á mynd 1 má sjá skiptingu útgjalda eftir málefnasviðum.

### Rekstrargjöld og fjárfestingar 2018



Til málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar heyra Framleiðni-sjóður landbúnaðarins og AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi. Útgjöld sjóðanna námu samtals 365,7 m.kr. á árinu 2018.

Á málefnasviði 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar fer ráðherra með málefni sem snúa að starfsemi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, s.s. húsnæðismál o.þ.h., og voru útgjöld um 956,7 m.kr.

Á málefnasviði 21 Háskólastig heyra rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og voru útgjöld samtals 232,0 m.kr.

Raunútgjöld málefnasviðs 12 Landbúnaður námu tæplega 16 ma.kr., þar af tæplega 14 ma.kr. vegna samninga um starfsskilyrði nautgriparæktar og sauð-fjárræktar, samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og ramma-samnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins auk þeirra framlaga sem ekki falla undir áður talda samninga. Undir málefnasviðið fellur ein stofnun, Matvælastofnun, og einn sjóður, Bjargráðasjóður. Þá falla undir málefnasviðið ýmsir samningar og verkefni, s.s. vegna hagrannsókna um landbúnað og varna gegn dýrasjúkdómum.

Raunútgjöld málefnasviðs 13 Sjávarútvegur og fiskeldi námu 4,9 ma.kr., þar af voru rúmlega 3,7 ma.kr. vegna stofnananna sem heyra þar undir, þ.e. Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs. Fjórir sjóðir falla undir málefnasviðið: Fiskræktarsjóður, sjóður til síldarrannsókna, Umhverfissjóður sjókvíaeldis og Verkefnasjóður sjávarútvegsins. Þá falla hér undir ýmsir samningar og verkefni, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

# Málefнасvið

Rekstrarútgjöld verkefna á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra námu 21.887 m.kr. en gert var ráð fyrir að til ráðstöfunar á árinu yrðu 22.834 m.kr. Á töflu 1 má sjá rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka.

## Rekstur málefnasviða og málaflokka

Málaflokkar - rekstur	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b>	<b>366</b>	<b>439</b>	<b>73</b>	<b>16,6%</b>	<b>435</b>	<b>-1.115</b>	<b>-9%</b>
0710 - Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum	366	439	73	16,6%	204	-262	-6%
<b>12 Landbúnaður</b>	<b>15.610</b>	<b>15.854</b>	<b>244</b>	<b>1,5%</b>	<b>-3</b>	<b>4</b>	<b>0%</b>
1210 - Stjórnun landbúnaðarmála	15.433	15.447	13	0,1%	3	-2	0%
1220 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum	177	407	230	56,6%	-6	6	-103%
<b>13 Sjávarútvegur og fiskeldi</b>	<b>4.698</b>	<b>5.143</b>	<b>445</b>	<b>8,7%</b>	<b>1.196</b>	<b>-2.331</b>	<b>-7%</b>
1310 - Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis	1.298	1.858	560	30,1%	1.178	-2.155	-7%
1320 - Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi	3.400	3.285	-115	-3,5%	1.178	-2.155	-7%
<b>16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála</b>	<b>981</b>	<b>1.167</b>	<b>186</b>	<b>15,9%</b>	<b>2.356</b>	<b>-4.712</b>	<b>-13%</b>
1620 - Stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar	981	1.167	186	15,9%	167	-205	-10%
<b>21 Háskólastig</b>	<b>232</b>	<b>232</b>	<b>0</b>	<b>0,0%</b>	<b>2.356</b>	<b>-4.712</b>	<b>-13%</b>
2120 - Rannsóknastarfsemi á háskólastigi	232	232	0	0,0%	167	-205	-10%

Fjárhæðir í milljónum króna

## 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Á málefnasviði 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra forræði yfir AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi og Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Til ráðstöfunar voru alls 439 m.kr. á árinu 2018 og rekstrargjöld Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS rannsóknasjóðs í sjávarútvegi námu alls 366 m.kr. Uppsafnaður afgangur sjóðanna nam 73 m.kr., eða 16,6%, í árslok 2018. Frávikið skýrist annars vegar af úthlutunum en ógreiddum styrkjum og hins vegar af því að AVS ráðstafar tekjum í næstu úthlutun eftir að þær hafa verið innheimtar, þ.e. tekjum sjóðsins á árinu 2018 verður ráðstafað í úthlutun sjóðsins á árinu 2019. Þessi háttur er hafður á til þess að tekjurnar liggja fyrir áður en þeim er ráðstafað.

## 12 Landbúnaður

Starfsemi á málefnasviði 12 Landbúnaður er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og skiptist í tvo málaflokka, 12.1 Stjórnun landbúnaðarmála og 12.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum. Undir málefnasviðið fellur starfsemi Matvælastofnunar, búvöru- og búnaðarlaga-samningar, greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum, Bjargráðasjóður og ýmsir samningar og verkefni í landbúnaði, m.a. Matarauður Íslands og hagrannsóknir í landbúnaði.

Til ráðstöfunar voru alls 15.854 m.kr. á árinu 2018, rekstrargjöld námu 15.610 m.kr. og uppsafnað frávik því 244 m.kr. afgangur. Frávikið skýrist að mestu af því hve seint verkefnið Matarauður Íslands fór af stað, þ.e. verkefninu var ætlað fjármagn fyrir fulla starfsemi á árunum 2016 og 2017 en framlagi árána var ekki ráðstafað að fullu þar sem verkefnastjóri tók til starfa í árslok 2016 og fór hluti ársins 2017 í undirbúning ýmissa verkefna. Einnig skýrist frávikið að hluta til af höfuðstól Matvælastofnunar frá fyrri árum en kostnaður vegna einstaka verkefna getur flust milli ára hjá stofnunum. Matvælastofnun gekk nokkuð á uppsafnaðan höfuðstól sinn á árinu 2018 og gert er ráð fyrir að gengið verði frekar á hann á þessu ári.

### 13 Sjávarútvegur og fiskeldi

Starfsemi á málefnasviði 13 Sjávarútvegur og fiskeldi er á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og skiptist í tvo málaflokka, 13.1 Stjórnun fiskveiða og fiskeldis og 13.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi. Á málefnasviðinu eru þrjár stofnanir, Fiskistofa, Verðlagsstofa og Hafrannsóknastofnun, og fjórir sjóðir, Fiskræktarsjóður, Umhverfissjóður sjókvíaeldis, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og sjóður til síldarrannsókna, auk ýmissa samninga og verkefna, s.s. vegna rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.

Til ráðstöfunar voru alls 5.143 m.kr. á árinu 2018, rekstrargjöld námu 4.698 m.kr. og uppsafnað frávik því 445 m.kr. Frávikið skýrist m.a. af höfuðstól Fiskræktarsjóðs sem ekki mátti ganga á samkvæmt lögum. Tekjur Verkefnasjóðs sjávarútvegsins lækkuðu vegna breyttra forsendna tekjustofna sjóðsins og er brugðist við því í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024. Unnið er að leiðum til að mæta tekjulækkun ársins 2018. Tekjulækkun Verkefnasjóðs sjávarútvegsins hefur bein áhrif á ráðstöfunarfé Hafrannsóknastofnunar en tekjur hennar á árinu 2018 voru ofætlaðar um sem nemur 285 m.kr. og má rekja um 100 m.kr. af þeirri upphæð til Verkefnasjóðsins.

### 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar

Á málefnasviði 16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnamála heyrir mála-flokkur 16.2 Stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þeim málaflokki tilheyrir rekstur aðalskrifstofu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem og húsnæði ráðuneytisins og Hafrannsóknarstofnunar að Skúlagötu 4.

Til ráðstöfunar voru alls 1.167 m.kr. á árinu 2018, rekstrargjöld námu 981 m.kr. og uppsafnað frávik því 186 m.kr. afgangur, eða 15,9% í árslok. Frávikið skýrist af því að almennur rekstrarkostnaður var lægri en gert var ráð fyrir.



## 21 Háskólastig

Á málefnasviði 21 Háskólastig ber sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ábyrgð á háskólum í þágu landbúnaðar. Til ráðstöfunar voru alls 232 m.kr. á árinu 2018, rekstrargjöld námu 232 m.kr. og verkefnið því í samræmi við framlög fjárlaga.

Sett voru fram átta markmið á málefnasviðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 og til að styðja við þau markmið voru 20 aðgerðir skilgreindar fyrir árið 2018. Á mynd 2 má sjá samantekt á stöðu þeirra aðgerða en nánar verður fjallað um þær í næsta kafla.

# Málaflokkar

## Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er skipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem eru á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Stöðumat er birt og þær aðgerðir tíundaðar sem styðja við viðkomandi markmið á árinu. Notaður er litakvarði til að sýna stöðu hverrar aðgerðar, sbr. meðfylgjandi töflu.

### Samantekt á stöðu aðgerða á málefnasviðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
12.1 Stjórnun landbúnaðarmála	6	2	1			9
12.2 Rannsóknir, þróun og nýsköpun		1				1
13.1 Stjórnsýsla fiskveiða	2	1				3
13.2 Rannsóknir og þróun í sjávarútvegi		2	4	1		7
Samtals aðgerðir	0	8	6	5	1	

■ Aðgerð ekki hafin  
 ■ Undirbúningur hafinn  
 ■ Aðgerð hafin  
 ■ Aðgerð komin vel á veg  
 ■ Aðgerð lokið

# Nýsköpun, samkeppni og þekkingagreinar

Málefnasvið 07

## Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Málaflokkurinn nær m.a. yfir samkeppnissjóði í rannsóknum en Framleiðnisjóður landbúnaðarins og AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

### Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Í samningi um almenn starfsskilyrði í landbúnaði er kveðið á um árleg framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins en sjóðurinn úthlutar þeim fjármunum til stuðnings atvinnuuppbyggingar í sveitum. Meginhlutverk Framleiðnisjóðs er að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Á árinu 2018 bárust sjóðnum 88 erindi, þar af voru 34 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 49 vegna rannsókna og þróunarverkefna eða fræðslutengdra viðfangsefna. Afgreidd voru 63 erindi með fyrirheitum um fjárstuðning upp á alls 133,7 m.kr. Af þeim verkefnum sem hlutu styrk voru 27 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar, t.d. framlög til rannsókna innan háskóla- og vísindasamfélagsins og til fjölbreyttra verkefna á einstökum bújörðum. Alls voru 36 erindi afgreidd, sem tengdust rannsóknarstarfi, þróunarverkefnum eða fræðslutengdum viðfangsefnum.

### AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

AVS rannsóknarsjóður í sjávarútvegi veitir styrki til rannsókna og þróunarverkefna, sem ætlað er að auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna og hagnýtra rannsókna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis og eru styrkirnir ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnunum. Stjórn sjóðsins metur umsóknir faglega og leggur fram tillögur fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um úthlutun styrkja. Byggðastofnun hefur umsjón með umsýslu sjóðsins. Árið 2018 bárust sjóðnum 74 umsóknir. Alls fengu 40 verkefni styrki sem samtals námu 237,7 m.kr. Verkefni voru í fjórum flokkum, 11 fiskeldisverkefni fengu styrk, 7 markaðsverkefni, 11 líftækniverkefni og 11 verkefni í flokknum veiðar og vinnsla.

# Landbúnaður Málefnasvið 12

## Stjórnun landbúnaðarmála


### MARKMIÐ 1

#### Árleg aukning framleiðni

##### Mælikvarði 1a: Framleiðni vinnuafls.

Markmið 1 var árleg aukning framleiðni. Stefnt var að 1,5% aukningu framleiðni í landbúnaði árlega á grunni framleiðni vinnuafls. Ekki lágu fyrir nægjanlegar upplýsingar um framleiðni vinnuafls í landbúnaði fyrir árið 2018 við gerð ársskýrslunnar. Við nánari skoðun kom í ljós að nauðsynleg gögn sem tengjast framleiðni reyndust ekki tiltæk vegna þess hvers eðlis landbúnaðarstarfsemi er og var mælikvarði markmiðsins því endurskoðaður árið 2018. Fyrir tilstuðlan sérstaks samnings á milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Hagstofu Íslands hóf Hagstofan nýverið að birta gögn um rekstur og efnahag í landbúnaði, sem byggjast m.a. á skattframtólum. Ef litið er til framlegðar á hverja rekstrareiningu kemur í ljós að framlegð meðalbúsins var um 2,4 m.kr. árið 2017 og hefur aukist um rúmlega helming ef litið er til síðustu 10 ára, sjá mynd 3.

#### Framlegð á hverja rekstrareiningu



Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar ANR

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Endurskoða búvörusamninga.	Samráðshópur skipaður um endurskoðun búvörusamninga.	2018–2019
Móta matvælastefnu.	Verkefnisstjórn skipuð um mótun matvælastefnu fyrir Ísland.	2018–2020
Endurskoða löggjöf um matvælaeftirlit og dýraheilsu.	Undirbúningur hafinn en vinna ekki farin af stað.	2018–2020
Endurskoða fyrirkomulag áhættumats og auka vöktun á áhættuþáttum matvælaöryggis, þ.m.t. matvælafalsanir og lyfjapól smitefna í umhverfi, fôðri, dýrum, matvælum og mönnum.	Áhersla lögð á sýnatökur og greiningar á sjúkdómsvaldandi örverum á markaði ásamt verkefni vegna lyfjaónæmis. M.a. gefin út reglugerð um vöktun á sýklalyfjapóli og vinna hafin við reglugerð um áhættumatsnefnd.	2018–2020
Þróa gagnagrunna og rafrænar lausnir til að bæta stjórnun, gæðaeftirlit og tryggja rekjanleika afurða.	Upplýsingateymi Matvælastofnunar hefur unnið að þróun og samtengingu tölvukerfa og gagnagrunna ásamt því að leggja áherslu á rafræna stjórnsýslu.	2018–2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið


**MARKMIÐ 2**

**Árlegur samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda**

Mælikvarði 2a: Losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi landbúnaðar, mæld í þúsundum tonna af CO<sub>2</sub>-ígildum.

Markmiðið byggist á grunni Parísarsamkomulagsins og auknum áherslum stjórnvalda í umhverfismálum. Hlutverk stjórnvalda er m.a. að skilgreina aðgerðir sem leiða til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi í landbúnaði. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands og Umhverfisstofnunar var losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi landbúnaðar 578,19 t. CO<sub>2</sub>-ígilda árið 2017 en það nemur 12% af heildarlosun Íslands án LULUCF. Miðað er við að losun frá starfsemi landbúnaðar dragist saman um 2% á milli ára.

**Losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi í CO<sub>2</sub> ígildum, 2000-2017**



Heimild: Hagstofa Íslands

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Móta og framfylgja heildstæðri áætlun um vöktun og ábyrga nýtingu lands.	Landgræðslunni var falin umsjón með verkefninu, ráðinn var verkefnisstjóri sem vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga stofnunarinnar og faghóp verkefnisins.	2018–2019
Móta aðgerðir og hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.	Samstarf hafið við sauðfjærbændur um kolefnisjöfnun greinarinnar.	2018–2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

**MARKMIÐ 3**

**Aukin sátt um fyrirkomulag í starfsemi landbúnaðar**

Mælikvarði 3a: Hlutfall ánægðra landsmanna.

Markmiðið er að stuðla að auknum fyrirsjáanleika í rekstrarumhverfi landbúnaðarins. Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga vann að viðamiklu verkefni sem hrundið var í framkvæmd á árinu 2018. Þar var almenningi boðið að taka þátt í samtali um greinina vítt og breitt um landið. Búist er við að niðurstöður verkefnisins liggi fyrir á síðari hluta þessa árs.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Þróa gögn og fyrirkomulag um birtingu upplýsinga um frammistöðu fyrirtækja sem framleiða matvæli og fóður.	Vinnuhópur um verkefnið hefur verið stofnaður hjá Matvælastofnun.	2018–2019
Móta heildstæða eftirlits- og viðbragðsáætlun m.t.t. matvælaöryggis, fódurs, dýraheilsu og dýravelferðar.	Vinna við heildstæða áætlun ekki enn hafin en unnið er að ýmsum aðgerðum tengdum viðfangsefninu.	2018–2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

Undir málaflokkinn falla ýmsir samningar og verkefni í landbúnaði, s.s. vegna landgræðslu og skógræktar í þágu landbúnaðar og hagrannsóknir um landbúnað. Engin stofnun fellur undir málaflokkinn. Við markmiðasetningu var leitast við að ná fram auknum árangri í þróun vara og starfshátta landbúnaðar.


### MARKMIÐ 1

#### Aukin nýsköpun á virðiskeðju matvælaframleiðslu m.t.t. tækni, landnotkunar og sjálfbærni

Mælikvarði 1a: Nýjungar á markaði og nýjar aðferðir í starfsemi landbúnaðar.

Markmiðið miðar að aukinni fjárfestingu í rannsóknar- og þróunarverkefnum í landbúnaði og hagnýtingu niðurstaðna til að auka arðsemi, samkeppnishæfni og gæði framleiðslu. Mælikvarðinn var í mótun á árinu 2018 og var endurskoðaður með hliðsjón af fjölda umsókna vegna nýsköpunarverkefna, m.a. til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Á árinu 2018 bárust 88 umsóknir til Framleiðnisjóðs, þar af voru 34 vegna atvinnuefingar og nýsköpunar á bújörðum og 49 vegna rannsóknar- og þróunarverkefna eða fræðslutengdra viðfangsefna. Veittir voru styrkir úr sjóðnum upp á alls 133,7 m.kr. Áhugi á nýsköpunar-, þróunar- og rannsóknarverkefnum í landbúnaði hefur aukist undanfarin ár ef marka má fjölda umsókna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Mynd 5 sýnir fjölda umsókna til Framleiðnisjóðs.

#### Fjöld umsókna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins



Heimild: Framleiðslusjóður landbúnaðarins

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Efla virðisbætur landbúnaðarafurða á grunni verkefnis um matarmenningu, með þróun lífrænnar framleiðslu.	Lög um Ferðamálastofu samþykkt en þau gera ráð fyrir auknu hlutverki Ferðamálastofu við öflun, miðlun og úrvinnslu upplýsinga.	2018–2020
	Stöðugt er unnið að þessu í tengslum við verkefnið Matarauður Íslands. Megintilgangur verkefnisins er að draga fram sérstöðu íslensks hráefnis og matarmenningar ásamt því að styrkja matartengd verkefni sem efla heildarhagsmuni byggða og stuðla að verðmætasköpun í sátt við sjálfbæra þróun.	2018–2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## Sjávarútvegur og fiskeldi Málefnasvið 13

### Stjórnsýsla fiskveiða og fiskeldis

Undir málaflokkinn falla verkefni Fiskistofu, Matvælastofnunar og Verðlagsstofu skiptaverðs, Fiskræktarsjóður, Umhverfissjóður sjókvíaeldis og alþjóðlegt samstarf í sjávarútvegi. Við markmiðasetningu var litið til þess að skapa jafnvægi milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta.

#### MARKMIÐ 1

#### Árleg aukning framleiðni í sjávarútvegi

##### Mælikvarði 1a: Heildarþáttaframleiðni.

Á árinu 2018 átti sér stað umfangsmikill undirbúningur vegna nýs frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), enda greinin í örur vexti og mikilvægt að stjórnvöld setji umgjörð sem er allt í senn, skýr, vistvæn og skilvirk fyrir þessa mikilvægu starfsemi.

Mikilvægi alþjóðasamstarfs í sjávarútvegi og fiskeldi er tvíþætt og snertir samkeppnishæfni greinanna beint. Annars vegar er langstærstur hluti sjávarafurða seldur á alþjóðamarkaði í samkeppni við aðra matvöru. Hins vegar eru kröfur varðandi sjálfbærni og lagaumhverfi mótaðar á alþjóðavettvangi, hvort sem það er á svæðisbundnum vettvangi eða á vegum Sameinuðu þjóðanna. Útflutningur sjávarafurða er stór hluti vöruútflutnings frá Íslandi og skiptir höfuðmáli fyrir þjóðarbúið. Þátttaka í alþjóðasamstarfi í sjávarútvegs málum er því mikilvægari fyrir Íslendinga en flestar aðrar þjóðir. Ísland hefur verið talið leiðandi í sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda hafsins og geta Íslendingar í ljósi þess haft áhrif á mótun stefnu í málaflokknum á heimsvísu, sem tryggir um leið útflutning íslenskra sjávarafurða á bestu markaðina. Auk reglubundinna tvíhliða og svæðisbundinna samninga um fiskveiðar á vegum Sameinuðu þjóðanna var hafin fyrsta samningalota um alþjóðlegan samning um vernd líffræðilegs fjölbreytileika í hafinu utan lögsögu (e. BBNJ) en áætlað er að vinnan taki nokkur ár. Fulltrúar frá skrifstofu sjávarútvegs og fiskeldis tóku einnig þátt í viðræðum vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu (BREXIT) enda Bretland einn stærsti einstaki markaður fyrir sjávarafurðir frá Íslandi.

Á árinu 2018 skilaði vinnuhópur um einföldun regluverks í sjávarútvegi fyrstu tillögum að sameiningu og einföldun reglugerða um veiðarfæri og lokun svæða sem áætlað er að fækka reglugerðum umtalsvert. Einnig var unnið að undirbúningi vegna breytinga á stjórn ýmissa sérveiða.



Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Móta stefnu um þróun og starfsumhverfi fiskeldis.	Unnið að frumvarpi til laga um starfsumhverfi fiskeldis.	2018
Auka áhrif Íslands í alþjóðlegu samstarfi.	Þátttaka í BBNJ, WTO og BREXIT auk venjubundinna verkefna.	2018–2022
Endurskoða löggjöf um eftirlit með veiðum og vinnslu sjávarafla, þ.m.t. um fyrirkomulag vigtunar.	Unnið að einföldun regluverks, fækkun reglugerða um svæðalokanir og veiðarfæri ásamt endurskoðun á reglum um sérveiðileyfi.	2018–2019

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 2

### Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sjávarútvegi

Mælikvarði 2a: Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (þúsund tonn CO<sub>2</sub>-ígilda).

Sjávarútvegur og fiskeldi byggjast á nýtingu lifandi náttúruauðlinda og því þarf að huga vel að áhrifum starfseminnar á umhverfið. Hagkvæmt og skilvirkt rekstrarumhverfi er skilyrði þess að áfram dragi úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi en sjávarútvegurinn er meðal fárra atvinnugreina sem tekist hefur að uppfylla markmið stjórnvalda um losun.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Endurskoða fyrirkomulag áhættumats, auka vöktun á áhættuþáttum matvælaöryggis og framkvæma áhættumat vegna fiskisjúkdóma.	Vinna hafin.	2018–2020
Leggja fram og innleiða heildstæða áætlun um rannsóknir og vöktun á vistkerfi hafsins.	Hafrannsóknastofnun hóf vinnu við heildstæða áætlun um rannsóknir og vöktun á vistkerfi hafsins.	2018–2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## MARKMIÐ 3

### Aukin sátt um gjaldtöku fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda hafsins

Mælikvarði 3a: Hlutdeild samfélags í auðlindaarði í hlutfalli við afrakstur veiða.

Mikilvægt er að sjávarútvegur og fiskeldi skili verðmætum í þjóðarbúið. Í lok árs 2018 voru á Alþingi samþykkt ný lög um veiðigjald ásamt því að unnið var að frumvarpi til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Þróa gögn og fyrirkomulag um birtingu upplýsinga um frammistöðu fyrirtækja sem framleiða matvæli.	Aðgerð vel á veg komin.	2018–2019
Endurskoða gjaldtöku fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda hafsins.	Frumvarp um veiðigjald samþykkt á Alþingi í lok árs 2018. Unnið að frumvarpi til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

Undir málaflokkinn falla verkefni Hafrannsóknastofnunar, matvælarannsóknir, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og framlög til ýmissa samninga og verkefna í sjávarútvegi, s.s. vegna rannsókna. Við markmiðasetningu var stefnt að því að ná fram auknum árangri í starfsemi sjávarútvegs og fiskeldis á grunni rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

### MARKMIÐ 1

#### Aukið umfang rannsókna og nýsköpunar til að auka verðmæti framleiðslu í sjávarútvegi og fiskeldi

Mælikvarði 1a: Árleg fjölgun úthaldsdaga rannsóknaskipa.

Mælikvarði 1b: Magn og gæði upplýsinga og áætlana.

Markmið málaflokksins var að auka umfang rannsóknar- og þróunarverkefna, m.a. á sviði hafrannsókna vegna umtalsverðra vistkerfisbreytinga og til þess að betur mætti hagnýta tækifæri til rekjanleika í virðiskeðjunni. Rannsóknir leggja grunn að aukinni þekkingu um stöðu greinarinnar, ástand hafsvæða, mengun og efnainnihald sjávarfangs, útbreiðslu fiskstofna og breytingar á vistkerfinu ásamt því að stuðla að markvissari stjórnun og eftirliti sem og ábyrgri nýtingu lifandi auðlinda hafsins.

Á árinu 2018 vann Hafrannsóknastofnun, auk hefðbundinna verkefna við mat nytjastofna og ráðgjöf, að áframhaldandi kortlagningu hafsbotnsins með fjölgeisla mælum en það er mikilvægur þáttur í vistkerfisrannsóknum og stuðlar að vernd viðkvæmra vistkerfa á hafsbotni. Stofnunin vann einnig að nýjum aflareglum fyrir steinbít, grálúðu og skarkola í samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Hafinn var undirbúningur að smíði nýs hafrannsóknaskips sem auka mun burði Hafrannsóknastofnunar til rannsókna á vistkerfi hafsins umhverfis Ísland. Rannsóknir á loðnu voru efldar með auknu starfi vísindamanna og fleiri úthaldsdögum. Mikil aukning framleiðslu í fiskeldi krafðist aukinnar starfsemi og töluverðra viðbótarannsókna hjá stofnuninni.

Mikilvægur hluti rekjanleika virðiskeðjunnar er samtenging og samkeyrsla ýmissa upplýsinga úr kerfum Fiskistofu. Stofnunin vann að innleiðingu nýrra rafrænna aflatilkyninga smábáta, svokölluðu aflaappi, en þeirri vinnu lýkur á þessu ári.

Þá var á árinu 2018 unnið að stefnumótun og markmiðasetningu fyrir Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu.

Aðgerðir	Framkvæmt 2018	Tímabil
Auknar rannsóknir á vistkerfi hafsins m.t.t. hagnýtingar villtra fiskstofna og uppbyggingar fiskeldis.	Undirbúningur fyrir smíði nýs rannsóknaskips hafinn.	2018–2022
Auknar rannsóknir sem miða að bættri meðhöndlun afla og aukinni verðmætasköpun, m.a. með líftækni.	Undirbúningur hafinn.	2018–2020
Hagnýting rekjanleika og gagna í virðiskeðju sjávarfangs til umbóta í eftirliti, veiði- og framleiðslustjórnun og upprunamiðlun til neytenda.	Vinna við rafræna afladagbók smábáta og samtengingu gagnagrunna hafin.	2018–2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

## Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi

Hinn 12. september 2017 var gerður samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir tímabilið 2017–2019. Markmið samningsins var að stuðla að því að starfsemi LBHÍ rynni stoðum undir megináherslur landbúnaðarstefnu hverju sinni, m.a. í samræmi við fjármálaáætlun sem byggist á að auka verðmætasköpun og stuðla að framþróun þekkingarlandbúnaðar, auka samkeppnishæfni matvælaframleiðslu, auka árlega framleiðni, auka árlegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og auka sátt um fyrirkomulag og starfsemi landbúnaðar. Á árinu 2018 voru greiddar 232 m.kr. til LBHÍ í samræmi við samninginn.

## Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Ráðstafað var 38 m.kr. úr varasjóði málaflokks 13.10 vegna halla 2017 og 2018. Fjárlagaliðurinn tengist kostnaði á alþjóðlegum vettvangi og hefur kostnaður af alþjóðlegu samstarfi aukist undanfarin ár, m.a. vegna áhrifa gengis. Þá voru 11,2 m.kr. ráðstafað úr varasjóði málaflokks 13.20 vegna halla Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

<b>13.10 Stjórnýsla fiskveiða og fiskeldis</b>	<b>Fjárhæð</b>	<b>13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi</b>	<b>Fjárhæð</b>
Staða varasjóðs í upphafi árs	53,9	Staða varasjóðs í upphafi árs	11,2
04-845 Alþjóðlegt samstarf í sjávarútvegi	38,0	04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins	11,2
Staða varasjóðs í lok árs	15,9	Staða varasjóðs í lok árs	0

Fjárhæðir í milljónum króna

# Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Á mynd 2 er yfirlit yfir árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaliðum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins að viðbættum yfirfærðum höfuðstól frá árinu 2017. Niðurstaðan sýnir að flestir fjárlagaliðir sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra voru með jákvæðan höfuðstól síðustu áramót, þ.e. ónýttar fjárheimildir.

Mestur uppsafnaður höfuðstóll er hjá Fiskræktarsjóði og sjóði til síldarrannsóknna en eins og áður hefur komið fram mátti ekki ganga á uppsafnað eigið fé þeirra samkvæmt lögum um sjóðina. Þá er töluverður uppsafnaður höfuðstóll hjá safnliðnum „Ýmis framlög í landbúnaði“ og skýrist hann af töfum á ýmsum verkefnum sem falla undir liðinn, eins og fram kom hér að framan. Hvað varðar uppsafnaðan afgang stofnana er það almennt svo að verkefni og kostnaður færast milli ára og gera innsendar áætlanir stofnana með uppsafnaðan afgang fyrir árið 2019 ráð fyrir því að gengið verði á þær heimildir á árinu.

Uppsafnaður halli er á þremur fjárlagaliðum í árslok 2018. Mestur er hallinn hjá Hafrannsóknastofnun og skýrist hann af ofáætlun tekna stofnunarinnar, m.a. vegna áhrifa af breyttum forsendum Verkefnasjóðs sjávarútvegsins sem er með uppsafnaðan halla í árslok vegna lægri tekna. Unnið er að leiðum til að mæta halla ársins 2018. Þá er halli í árslok 2018 á fjárlagalið fyrir greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum en þar undir falla t.d. endurbætur og viðhald varnarlína vegna dýrasjúkdóma og bætur vegna niðurskurðar í kjölfar dýrasjúkdóma en hvort um sig var umfangsmeira en árið 2017.

## Yfirlit yfir árslokastöðu



Fjárhæðir í milljónum króna



**Stjórnarráð Íslands**  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Árskýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4 - 101 Reykjavík  
545 9700 | anr@anr.is

Júlí 2019 | ISBN: 978-9935-455-03-1

Ábyrgðarmaður: Kristján Þór Júlíusson  
Umsjón: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

@ 2019 – Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

[stjornarradid.is](http://stjornarradid.is)

Ársskýrsla sjávarútvegs-  
og landbúnaðarráðherra  
2018